

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/1078*  
*komudagur 19.2.2003*

*Nefndasvið Alþingis,*  
*Austurstræti 8 – 10,*  
*150 Reykjavík*

*18. febrúar 2003*

*Varðar: Umsagnir Hitaveitu Suðurnesja hf umframlögð lagafrumvörp.*

*Meðfylgjandi eru umsagnir Hitaveitu Suðurnesja hf um eftirtalin lagafrumvörp:*

- Frumvarp til raforkulaga.*
- Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.*
- Frumvarp til laga um Orkustofnun.*
- Frumvarp til laga um Íslenskar orkurannsóknir.*
- ✕ • Frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.*

*Virðingarfyllst,*

*F.h. Hitaveitu Suðurnesja hf*

---

*Július Jónsson*  
*forstjóri*

Efni: Umsögn Hitaveitu Suðurnesja hf um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

**Lögð er til eftirfarandi breyting á 2.gr. frumvarpsins:**

**Síðasti málsliður 2. mgr. 2.gr verði svohljóðandi:**

Eignarhald og viðhaldsskylda á heimæðum skal að öðru leyti haldast óbreytt. Skylt er vatnsveitu að yfirtaka heimæðar að skriflegri beiðni eiganda.

**Skýring:**

Nú eru 12 ár síðan lög voru sett um vatnsveitur sveitarfélaga sem m.a. gerðu ráð fyrir að vatnsveitur sæju um og ættu heimæðar fasteigna í framhaldi af endurnýjun þeirra. Ekki er lengur þörf á að vernda vatnsveitur fyrir skyldu til að endurnýja og viðhalda illa frágengnum heimæðum og því eðlilegt að húseigendur geti losnað undan þeirri kvöð að eiga heimæðarnar og bera ábyrgð á þeim og skaða af þeirra völdum.

**Lögð er til eftirfarandi breyting á 3.gr. frumvarpsins:**

**Við greinina bætist:**

Stofnunum eða fyrirtækjum sem reka vatnsveitu á grundvelli 1. mgr. 4.gr. skulu skila eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu.

**Skýring:**

Á undanförunum árum hefur rekstrarformi orkufyrirtækja sveitarfélaga verið breytt og mörg þeirra reka vatnsveitur í umboði sveitarstjórnanna. Fyrirtæki þessi starfa nú á sviði einkaréttar og má sem dæmi nefna Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja hf. og Norðurorku hf. Öll þessi fyrirtæki hafa vatnsveiturekstur sem hluta af sinni starfsemi.

**Lögð er til eftirfarandi breyting á 4. og 5. ml. 1.mgr. 4.gr. frumvarpsins:**

Lagt er til að í stað orðanna "til stjórnar vatnsveitu" komi "til vatnsveitu".

**Lögð er til eftirfarandi breyting á 4.gr. frumvarpsins:**

Í fjórðu grein frumvarpsins er kveðið á um að heimilt sé að innheimta gjald fyrir lagningu heimæða sem nemur allt að meðalkostnaði við lagningu heimæða í sveitarfélaginu.

Hitaveita Suðurnesja hf vill gera þá breytingu á þessari grein, að fari lengd heimæðar yfir 10 m. sé vatnsveitu heimilt að innheimta lengdargjald samkvæmt gjaldskrá.

**Lögð er til eftirfarandi breyting á síðusta málslið 2.mgr. 5.gr. frumvarpsins:**

Heimilt er að innheimta vatnsgjald með fasteignasköttum og skulu þá gjalddagar vatnsgjalds vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

**Skýring:**

Þar sem rekstrarformi margra orkufyrirtækja sem hafa vatnsveiturekstur sem hluta af sinni starfsemi hefur verið breytt og þau starfa nú á sviði einkaréttar þykir rétt að þau ráði sjálf hvernig innheimtu

vatnsgjalds skuli háttað. Rétt er þó að hafa heimild til að innheimta vatnsgjaldið með fasteignasköttum eins og verið hefur.

**Lögð er til eftirfarandi breyting á síðasta málslíð 4.mgr. 6.gr. frumvarpsins:**

Lagt er til að í stað orðanna "stjórn vatnsveitu" komi "vatnsveitu".

**Athugasemd varðandi 1. og 2. gr.**

Í fyrstu og annari grein laganna er kveðið á um að sveitastjórnnum sé heimilt að framselja rétt sinn til að reka vatnsveitur til annarra stofnanna eða fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkis og sveitarfélaga. Hitaveita Suðurnesja hf vill benda á að frumvarpið tekur ekki nægilega á rekstri vatnsveitna í eigu annara félaga, stofnanna i meirihluta eigu ríkis eða sveitarfélaga. Æskilegt væri að skilgreindur væri betur rekstur vatnsveitna almennt, óháð rekstrarformi, en skilgreining sé ekki einskorðuð við rekstur vatnsveitna sveitarfélaga.

Júlíus J. Jónsson,  
forstjóri